

Nefndasvið Alþingis  
Umhverfis- og samgöngunefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. mars 2016  
Tilvísun: 1603018 / 00.08.00

**Efni: Umsögn Ferðamálastofu um frv. til breytinga á sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 (uppbygging ferðamannastaða). Þingskjal 227 – 219. mál.**

Vísað er í erindi nefndarsviðs Alþingis, sem barst með tölvupósti þann 22. febrúar, sl. þar sem óskað var umsagnar Ferðamálastofu um frumvarp til breytinga á sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 (uppbygging ferðamannastaða).

Með frumvarpinu er lagt til að sveitarstjórnnum verði heimilað að leyfisskylda og innheimta leyfisgjald fyrir fénytingu náttúrufrýrbrigða og ferðamannastaða enda renni féð til uppbyggingar ferðaþjónustuvinnviða sem stuðlar að sjálfbærri nýtingu þeirra staða sem leyfisskyldir eru. Felur frumvarpið í sér að ábyrgð á ferðamannastöðum og náttúrufrýrbrigðum er færð til sveitarstjórnanna, þ.e. til þeirra sem næst þeim búa.

Ferðamálastofa tekur undir að vegna aukins fjölda ferðamanna sé brýnt að ráðist verði í uppbyggingu á ferðamannastöðum. Það á við um ferðamannastaði hvort sem þeir eru í eigu eða umsjón ríkisins, sveitarfélaga eða einkaaðila. Ferðamálastofa getur einnig tekið undir það sem sagt er í greinargerðinni með frumvarpinu um að sveitarfélögin eigi að sjálf að meta þann vanda sem að steðjar og standa að uppbyggingu.

Ferðamálastofa telur hins vegar ekki tímabært að samþykkja frumvarpið eins og það er lagt fram heldur telur að ráðast verði í aðgerðir heildstætt. Í ört vaxandi atvinnugrein er mikilvægt að hafa heildarsýn og samræmi sé í aðgerðum og framkvæmdum. Það eru ýmis verkefni í farvatninu sem lúta að sambærilegu efni í samvinnu Ferðamálastofu, Stjórnstöðvar ferðamála o.fl.

Eitt af verkefnum Ferðamálastofu er svæðisbundin þróun en í felst m.a. að í samvinnu við Stjórnstöð ferðamála séu unnin ýmis samræmingar- og stefnumótunarverkefni s.s. verkefni um stefnumótandi stjórnunarárættlanir (Destination Management Plans) fyrir svæði og landshluta, þróunarverkefni um endurskoðun upplýsingaveitu til ferðamanna o.fl.

Í Vegvísi fyrir ferðaþjónustuna 2015-2020 er Stjórnstöð ferðamála falin ýmis verkefni á sviði uppbyggingar og náttúrverndar. Eitt af verkefnum stöðvarinnar er að vinna markvisst að verndun hennar með álagsstýringu og sjálfbærni að leiðarljósi. Meðal

forgangsmála er að útfæra leiðir til að sveitarfélög hafi tekjur til að mæta kostnaði við uppbyggingu og rekstur áfangastaða ferðamanna sem lúta þeirra stjórn. Henni er einnig ætlað að vinna að því að gert sé ráð fyrir áfangastöðum ferðamanna í skipulagi sveitarfélaga og forgangsraða þeim í hverjum landshluta þar sem áhersla verður á að byggja upp aðstöðu fyrir ferðamenn. Því samfara verði ákveðið hvaða áfangastaðir ferðamanna í hverjum landshluta þarfnist aðgangsstýringar og stýra umferð um þá með umhverfis- og félagsleg þolmörk og öryggi ferðamanna að leiðarljósi.

Í ljósi framangreinds telur Ferðamálastofa ekki tímabært að samþykkja frumvarpið að svo stöddu heldur leggur til að efni þess verði haft til hliðsjónar í þeim verkefnum sem verið er að vinna að og lúta sama eða sambærilegu efni.

Fulltrúar Ferðamálastofu eru reiðubúnir að koma á fund Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis til að fylgja eftir umsögn sinni og svara þeim spurningum sem kunna að vakna.

Virðingarfyllst,  
F.h. Ferðamálastofu



Helena Þ. Karlsdóttir, forstm. stjórnsýslu- og umhverfissviðs